málning

# VATNSVARI 40




**VATNSVARI 40** er vatnsfæla, vatnstær lausn af mónósílani, sem smýgur afar vel inn í öll gljúp, steinrík byggingarefni.

**VATNSVARI 40** binst steininum órjúfanlegum efnatengjum og gerir hann þannig mjög varanlega vatnsfælin, án þess að hafa áhrif á rakaflutning í loftkenndu ástandi og truflar því ekki rakaskipti steinsins við umhverfið.

> ”
>
> VATNSVARI 40 er ætlaður á múr, steinsteypu og önnur steinrík byggingarefni til að koma í veg fyrir vatnsupptöku slíkra flata.

**VATNSVARI 40** reynist sérlega vel við að hefta vatnsupptöku um háræðasprungur. Mála má yfir VATNSVARA-borinn flöt með öllum hefðbundnum málningargerðum Málningar hf.

**Áburður:**
Flöturinn skal vera hreinn og þurr áður en hann er baðaður úr **VATNSVARA 40.** Best er að nota við það sprautu með lágum þrýstingi sem gefur jafna bunu.

Þá er sprautað þvert yfir lóðrétta fleti með 20-30 cm millibili. Gjarnan er byrjað neðst og haldið upp til að fylgjast betur með framgangi verksins. Einnig má nota pensil eða rúllu. Gæta skal þess að tilskilið magn fari á flötinn.

**Varúðarflokkur:**
1 - 2.

**Hreinsun áhalda:**
Með MÍNERALTERPENTÍNU.

**Þurrktími:**
Nokkrar mínútur.

**Yfirmálun:**
Eftir 1-2 daga; ef undirlagið er mjög blautt er lengri tími ráðlegur.

**Eðlismassi:**
Um 0,86 g/ml, við (25°C).

**Virkt efni:**
Um 40% af massa.

**Efnisnotkun:**
Um 0,20 l/m$^2$ í umferð, breytilegt eftir gleypni flatar og aðstæðum.

**Hitastig við áburð:**
Flöturinn skal vera vel yfir daggarmörkum lofts.

*Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund. Enga ábyrgð eða tryggingu fyrir árangri er þó unnt að gefa, þar eð skilyrði við notkun eru utan takmarka okkar umráða.*